

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Dalshverfi 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði stækkar til austurs.
- Svæði merkt landbúnaði falla út.
- Ný svæði fyrir stofnanir bætast við.
- Ný svæði fyrir þjónustu bætast við.
- Við bætist svæði með blandaðri landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota.
- Íbúðarsvæði í Leirdal stækkar til norðurs.
- Svæði merkt U15 og U16 falla út.
- Safngata sunnan íbúðarbyggðar er lengd til austurs.
- Þéttbýlisuppdráttur stækkar og dreifbýlisuppdráttur minnkar sem því nemur.
- Athafnasvæði bætast við.
- Reiðstígur færast nær sjó.
- Ný mislæg gatnamót á Reykjanesbraut bætast við.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. desember 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.